

# DEILUR UM AÐFERÐIR OG ÁRANGUR FRÆDSLUPERFERÐAR GEGN ALNÆMI

# HUGSAR ÞÚ ÞIG TVISVAR UM?

eftir Svein Guðjónsson

**FÓLK DEYR AF VÖLDUM ALNÆMIS,** — um það er engum blöðum að fletta og flestum er þessi staðreynd ljós. Herferð landlæknisembættisins gegn þessum hættulega sjúkdómi, með útgáfu bæklinga, veggspjalda og með auglýsingum og umræðu í fjölmiðlum, hefur vissulega vakið athygli, þótt ekki séu allir sammála um aðferðina. Flestir hugsandi menn vita, að alnæmi smitast við samfarir og blóðblöndun og þeir sem stunda frjálst kynlíf hafa verið hvattir til að fara varlega, hugsa sig tvisvar um, og umfram allt að nota smokkinn. En gera menn það almennt? Hefur áróðurinn borið einhvern árangur þannig að menn hafi breytt kynlífsvenjum sínum með hliðsjón af þessum staðreyndum? Eins og með aðrar frumþarfir mannsins getur reynt erfitt að setja kynlífinu skorður enda hefur margoft sannast hið fornkvæða: þótt náttúran sé lamin með lurk, leitar hún út um síðir.

**A**ðgerðir heilbrigðisyfirvalda gegn alnæmi hófust árið 1983. Þá var haldinn fyrsti fundur með Samtökunum '78 þar sem smitleiðir voru ræddar. Auk þess voru gefnar út ráðleggingar til lækna um greiningu á sjúkdómnum. Árið 1984 var upplýsingum dreift til dagblaða og sérfræðingar styrktir á alþjóðáþing um alnæmi. Ári síðar hófust aðgerðir af fullum þunga og þá var gefinn út fyrsti upplýsingabæklingurinn til almennings og dreift í 30 þúsund eintökum.

Árið 1985 fékk landlæknisembættið 800 þúsund króna aukafjárveitingu vegna baráttunnar gegn alnæmi. Árið 1986 fengust 2,5 milljónir vegna kynsjúkdómavarna, 5,3 milljónir 1987, 10,3 milljónir og 8,3 milljónir það sem af er árinu 1989. Þessar fjárveitingar eru veittar til

kynsjúkdómavarna í heild en langmestum hluta þeirra hefur verið varið í baráttuna gegn alnæmi. Fjólubláa sjónvarpsauglýsingin kostaði 850 þúsund krónur í framleiðslu og síðari sjónvarpsauglýsingin um 1 milljón í framleiðslu og er þá ótalinn kostnaður vegna birtinga.

Landsnefnd um alnæmisvarnir var sett á stofn árið 1988 og er Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir formaður hennar. Guðjón sagðist vera sannfærður um að baráttu heilbrigðisyfirvalda hefði skilað árangri. „Í fyrsta lagi veit öll þjóðin hvernig alnæmi smitast, og það var það fyrsta sem við stefndum að þegar við höfumst handa fyrir alvöru 1985. Í öðru lagi hefur baráttan haft áhrif á töluverðan hluta þess hóps sem virkilega þarf að taka þessar upplýsingar til sín, það eru einhleypir karlar og konur, á þeim aldri þegar kynlíf er mest stundað. Við höfum séð það í

könnunum að þetta fólk gæti sín meira en áður vegna alnæmishættunnar. Þá teljum við það líka sýna árangur að innflutningur á smokkum fór úr 200 þúsund árið 1986 í yfir 500 þúsund árið 1987,“ sagði Guðjón.

„Það eru skiptar skoðanir um, hvað eigi að taka sem mat á árangri. Ef það er mat á árangri að upplýsa þjóðina, þannig að allir viti hvernig alnæmissjúkdómur smitast þá er árangurinn af okkar herferð feikilega mikill á stuttum tíma,“ sagði aðstoðarlandlæknir. Hann sagði ennfremur að íslensk heilbrigðisyfirvöld hefðu fljótlega náð mjög góðri samvinnu við fjölmiðla þannig að hér á landi hefði ekki komið upp sú móðursýki sem gerðist mjög víða erlendis.

## Breytt kynlífshegðun?

Skoðanakannanir, sem gerðar hafa verið á vegum landlæknisembættisins, gefa vísbendingu um að nokkur árangur hafi náðst í að vekja athygli á alnæmishættunni, einkum meðal yngra fólks. Í tveimur könnunum, sem Gallup-stofnunin á Íslandi hefur gert fyrir embættið, kemur í ljós að allstór hópur fólks á aldrinum 15 til 24 ára hefur breytt kynlífshegðun sinni með hliðsjón af alnæmishættunni. Urtakið var 1000 einstaklingar valið af handahófi úr þjóðskrá. Aukningin í yngsta aldurshópnum var rúmlega tvöföld á milli ára 1987 og 1988. Þannig kváðust 14% aðspurðra hafa breytt hegðun sinni í desember 1987, en 32% í október 1988. Á það ber hins vegar að líta að 62,7% aðspurðra á þessum aldri svaraði spurningunni neitandi og 84,9% á aldrinum 25 til 34 ára svöruðu spurningunni neitandi, en aðeins 11,6% játandi og er það út af fyrir sig flugunarefni, þótt vissulega megi til sanns vegar færa að á þessum aldri séu vel flestir á leiðinni í hjónaband eða séu í fastri sambúð. Engu að síður bendir margt til þess að enn sé langt í land að fólk almennt sé nægilega vel á varðbergi gagnvart alnæmishættunni.

Um það atriði segir aðstoðarlandlæknir að auðvitað sé aldrei hægt að búast við 100% árangri af þessari fræðslu, fremur en af áróðri gegn áfengi, reykingum eða dauðslysum í umferðinni. „Raunhæfur mælikvarði á árangur kemur ekki í ljós fyrr en á næstu fjórum til fimm árum. Þeir sjúklingar sem við erum að fást við núna hafa smitast áður en okkar herferð fór af stað og því er lítið að marka fjölgun tilfella nú. Mér finnst stundum óraunhæft sem sumir fara fram á varðandi árangur af fræðsluherferð sem þessari. Við skrúfum auðvitað ekki fyrir kynlíf hjá einhleypu fólki fyrir fullt og allt, og það að meta þetta út frá því að enn sé töluvert af fólki sem fer á skemmtistaði til að ná sér í karlmann eða kvenmann er auðvitað út í hött. En ef herferðin hefur orðið til þess að þetta fólk hafi í auknum mæli farið að hugsa sig tvisvar um og nota smokk í vissum tilfellum, þegar það þekkir ekki viðkomandi, þá hefur talsvert áunnist að mínum dómi.“

## Fjólubláar forvarnir

Margir hafa þó dregið í efa að aðgerðir heilbrigðisyfirvalda hafi skilað árangri og má í því sambandi vitna í beinskeytta grein dr. Sölvínu Konráðs, sem birtist í Morgunblaðinu skömmu fyrir síðustu júl. Sölvína starfar sem ráðgefandi sálfræðingur við Menntaskólann í Hamrahlíð og kennari við Háskóla Íslands og í greininni, sem ber heitið: Fjólubláar forvarnir, segir meðal annars:

„Í árslok 1986 sendi landlæknisembættið frá sér bækling, „Verjumst eyðni — notum smokkinn“. Þessum bæklingi var ætlað að upplýsa fólk á aldrinum 15 til 24 ára um AIDS og hvernig mætti verjast smiti. Af hverju var þetta gert? Sennilega er ekki til neitt skynsamlegt svar við því. Þessi tilraun til forvarna virðist hafa verið gerð bara til að gera eitthvað. Forsendur að baki vantaði alveg og þessi bæklingur var í raun skólabókardæmi um það hvernig ekki ætti að gera fræðslubækling sem ætti að hafa forvarnaráhrif. Bæklingurinn er saminn í anda þess sem kallað hefur verið „hræðslu-fræðsla“, sem ætti fyrir löngu að vera útdaúd, ef tekið væri mið af rannsóknarniðurstöðum á áhrifum.“

Í grein sinni gagnrýnir Sölvína Gallup-könnunina og dregur í efa gildi niðurstaða hennar og um sjónvarpsauglýsingar landlæknisembættisins segir hún meðal annars: „Þessi fyrrnefnda auglýsing landlæknisembættisins er hræðslu-áróður, þrátt fyrir að á plastpokunum segi eitthvað á þá leið „stundum banvænt stundum ekki“. Hætta er á að þessi auglýsing flytji brengluð skilaboð um kynlíf til barna og yngri unglinga, en þeir eldri taki ekki mark á henni. Engar líkur eru á að hún höfði til þess hóps, sem viðhefur lauslæti. Sú hugmyndafræði sem hræðslu-fræðslan og hræðslu-áróður byggir á er þegar best lætur gagnslaus en þegar verst lætur virkar hún hvetjandi á þá hegðun sem verið er að reyna að fá almenning til að láta af.“

Sölvína sagði í samtali við Morgunblaðið að hún hefði ekki séð þess nein merki að fræðsluherferð heilbrigðisyfirvalda hefði borið árangur og að full ástæða væri til að draga í efa niðurstöður Gallup-könnunarinnar, sem vitnað er í hér að framan. Þær væru hvorki aðferðafræðilega réttar í uppbyggingu né úrvinnslu. „Slíkt hefur margoft komið í ljós með Gallup-kannanir og skyldar kannanir og við erum með alltof viðkvæmt fyrirbæri þar sem alnæmi er til að leika okkur með,“ sagði Sölvína.

Þessu til viðbótar taldi Sölvína kynfræðslu í skólum mjög ábótavant svo og fræðslu um getnaðarvarnir og algjörlega væri undanskilinn sá þáttur er lítur að síðfræði og tilfinningalífi. Hún dró í efa að smokkaherferðin hefði skilað nokkrum árangri, því ef svo væri hefði það átt að koma fram í fækkun annarra kynsjúkdómatilfella. „Mín skoðun er sú að þessi herferð hafi misst marks. Menn vita að visu um sjúkdóminn, en hann er fólki fjarlægur eins og atómbomban. Þetta er svipað og með margar aðrar hættur sem stöðja að okkur að fólk hugsar: Þetta kemur ekki fyrir mig.“

Sölvína taldi að seinni sjónvarpsauglýsing landlæknisembættisins væri vel gerð frá tæknilegu sjónarmiði, en sem forvarnauglýsing myndi hún falla. „Annars má segja um þetta forvarnarstarf að það hefur að mestu höfðað til unglinga en ég óttast að það nái ekki til þess hóps sem er jafnvel í mestri hættu, en það er fólk sem er í seinna tilhugalfinu, fráskið fólk og það sem er í makaleit öðru sinni.“

## Smokkurinn

Fljótlega eftir að aðgerðir heilbrigðisyfirvalda gegn alnæmi fóru af stað var farið að reka áróður fyrir notkun smokksins. Árið 1986 var haldinn fundur með innflytjendum smokka og unnið að fjölgun sölustaða og uppsetningu sjálfssala. Bæklingurinn „Verjumst eyðni — notum smokkinn“ var gefinn út í tæplega 43 þúsund eintökum og sendur öllum ungmennum 15 til 24 ára. Einnig til 13 og 14 ára unglinga á Reykjavíkursvæðinu. Veggspjaldur hefur verið dreift og gefið út dægurlagið „Vopn þín og verjur“ svo nokkuð sé nefnt. Mörgum þótti smokkaherferðin misheppnuð og ekki örgrannt um að menn skopuðust svolítið að öllu saman. Þannig var það til dæmis haft í flimtingum að á veggspjaldinu „Smokkurinn er vörn gegn eyðni“ mátti sjá ýmsar þjóðfrægar persónur, þar á meðal ráðherra, gleiðbrosandi, veifandi verjum af ýmsum gerðum. Veggspjaldið vakti almenna kátnu og menn spurðu hvern annan glottandi hvað allt þetta harðgífta fólk hefði að gera við smokka. Þarna kom að sjálfsögðu til landlæg illkvittni Íslendinga og blautleg kímni gáfa, en tilgangurinn með smokka-veggspjaldinu var fyrst og fremst sá að

**Svo virðist sem stór hluti fólks hafni smokknum**



**Kannanir benda til að yngra fólk hafi í auknum mæli breytt um kynlífsvenjur. Hvað um alla hina?**

brjóta ísinn og rjúfa þann feimnis-hjúp sem sveipað hefur verið um þessa ágætu getnaðarvörn. Sjálf-salar spruttu upp og í apótekum var þessi forboðna vara tekin upp úr skúffum og höfð til sýnis undir glerinu í afgreiðsluborðinu.

Heimildum Morgunblaðsins ber flestum saman um að fyrst eftir að smokkaherferðin hófst hafi salan rokið upp, en síðan dalað aftur. Samkvæmt upplýsingum frá innflytjendum virðist heldur hafa dregið úr sölu miðað við árið 1987, en ekki lágu fyrir tölur þar að lútandi. Nokkuð var þetta þó mismunandi eftir tegundum og hafði einn innflytjandinn ríflega tvöfaldað innflutning sinn, fór úr tæplega 40 þúsund stykkjum í rúmlega 80 þúsund á milli árunna 1987 og 1988 á meðan aðrir töldu sig hafa fundið fyrir samdrætti. Bjarni Bjarnason, vörður á almenningssalerninu við Bankastræti, kvaðst ekki hafa orðið var við neina aukningu hjá sér og taldi líklegustu skýringuna þá, að sölustöðum var fjölgað. Sigurður Ólafsson hjá Reykjavíkur apóteki sagði að þar hefðu menn ekki orðið varir við neina söluaukningu á smokkum sem orð væri á gerandi. Hann taldi þó að einhver aukning hefði átt sér stað fyrst eftir að smokkaherferðin hófst, en síðan hefði hún dalað aftur niður í svipað og verið hefði.

### Erfitt að meta árangur

Haraldur Briem, smitsjúkdómafræðingur á Borgarspítalanum, er í hópi þeirra lækna sem hvað mest hafa starfað við rannsóknir á alnæmi og meðferð alnæmissjúklinga. Hann sagði að erfitt væri meta hvort raunhæfur árangur hefði náðst vegna aðgerða landlæknisembættisins, til þess þyrfti viðameiri kannanir en gerðar hafa verið til þessa. Haraldur taldi þó margt benda til, að árangur hefði náðst í vissum áhættuhópum. Svo virtist sem hommar væru mun varkárari en áður, enda væri vandamálið þeim nákomnara en flestum öðrum. Þetta virtist að minnsta kosti eiga við um þá homma, sem komnir væru úr felum en hins vegar væru til svokallaðir „laumuhommar“, menn sem ekki viðurkenna hneigð sína til annarra karlmanna, sem meiri óvissa ríkti um. Hvað varðaði gagnkynhneigða sagði Haraldur að ekki væri hægt að segja neitt ákveðið um breytta kynlífshegðan hjá þeim, þar sem engin gögn lægju fyrir þar að lútandi. Ekkert hefði dregið úr þeim tilfelli um að fólk kæmi í alnæmispróf eftir vafasöm ævintýri, til dæmis menn með bakþanka eftir að hafa haft samskipti við vændiskonur erlendis. Í þessu sambandi mætti þó benda á að áróðurinn gæti hugsanlega hafa gert það að verkum að fleiri kæmu í alnæmispróf en áður. Haraldur benti jafnframt á að rannsóknir erlendis, til dæmis í Bandaríkjunum sýndu, að dregið hefði úr kynsjúkdómum meðal homma þar í landi en aukning hefði orðið á slíkum sjúkdómum, svo sem sárásótt, hjá gagnkynhneigðum, sem



gæti bent til að gagnkynhneigðir þar í landi tækju ekki aðvaranir um alnæmishættuna alvarlega og teldu sig ekki í umtalsverðri hættu.

Jón Hjaltalín Ólafsson, læknir á húð- og kynsjúkdómadeild Heilsværndarstöðvarinnar, kvaðst í sínu starfi ekki hafa merkt verulegar breytingar á viðhorfum fólks hvað þetta varðar. Þeim hefði fjölgað, sem leituðu til kynsjúkdómadeildar,

en hins vegar hefði kynsjúkdómatilfellum ekki fjölgað að sama skapi. Það gæti vissulega bent til að fólk hugsaði meira en áður um afleiðingar gjörða sinna, þótt varkárinn vildi ef til vill gleymast í hita leiksins. Jón Hjaltalín sagði að sér virtist enn langt í land að fólk almennt tæki nægilegt tillit til þeirrar hættu sem fylgdi gáleysislegu kynlífi og taldi að beina þyrfti áróðrinum í

enn ríkara mæli að notkun smokksins. „Ég er með þessu ekki að gagnrýna hvernig landlæknisembættið hefur staðið að sinni fræðsluherferð og tel raunar að ekki hefði verið hægt að standa öðruvísi að þessu. En betur má ef duga skal og í þeim efnum held ég að áróðurinn fyrir notkun smokksins sé heilladrýgstur. Hann er öruggasta vörn gegn kynsjúkdómum, hvort sem um er að ræða alnæmi eða aðra kynsjúkdóma, svo sem klamydíu og lek-

Samtökin '78, en þau samtök hafa á eigin vegum rekið ráðgjöf og gengist fyrir fræðslu um alnæmi.

Lana Kolbrún Eypórsdóttir, varaformaður Samtakanna '78, sagði að í þessu máli sem mörgum öðrum, hefðu heilbrigðisyfirvöld ekki viljað hafa of mikið af samtökunum að segja, þótt örlað hafi á ákveðinni samvinnu, til dæmis við útgáfu bæklinga. „Samkynhneigðir eru í rauninni ekki viðurkenndir sem staðreynd og á það erum við alltaf að reka okkur. Samvinnan við heilbrigðisyfirvöld hefur að mestu falist í því að okkur hafa verið réttir peningar og við beðin um að annast það sem að okkur snýr. Samtökin hafa sjálf haldið uppi fræðslu, ráðgjöf og símaþjónustu um þessi mál og eina blaðaauglýsingin sem beinst hefur að hommum, þar sem tveir karlmenn koma fram, er frá okkur. Ég held því að sá árangur sem náðst hefur meðal homma sé fyrst og fremst að þakka starfi samtakanna í þessum efnum, fremur en aðgerðum heilbrigðisyfirvalda, og það sem við höfum alla tíð verið að berjast fyrir er að fá að höfða opinberlega til fólks. Tilhneiging heilbrigðisyfirvalda hefur hins vegar verið sú að líta framhá okkur, því hjá þeim erum við svolítið feimnismál.

anda, sem eru algengustu kynsjúkdómar hér á landi,“ sagði Jón Hjaltalín Ólafsson læknir.

### Hræðsluáróður?

Auður Matthíasdóttir, félagsráðgjafi hjá Heilsværndarstöð Reykjavíkur og formaður Samtaka áhugasfólks um alnæmisvandann, er í hópi þeirra sem dregið hafa í efa gildi fræðsluherferðar landlæknisembættisins. Um það sagði hún m.a.: „Herferð landlæknisembættisins hefur auðvitað vakið athygli fólks á þessu vandamáli og talsverða umræðu, sem er af hinu góða. Ég óttast hins vegar að þessi hræðsluáróður verði til þess að fólk ýti frá sér vandanum. Mér finnst ég hafa orðið þess vör í mínu starfi og reyndar víðar að fólk forðist að tileinka sér þessi varnaðarorð og gefi þessu ekki gaum. Þess vegna er það mín tilfinning að fræðslan hafi ekki borið tilætlaðan árangur. Að mínum dómi þarf að beina henni í aðra farvegi og dreifa henni á fleiri hendur. Þessi fræðsla hefur verið mjög bundin við lækna og hjúkrunarfræðinga, en auðvitað gætu margir fleiri aðilar lagt þar hönd á plóg.“

Auður kvaðst hafa heimildir fyrir því að smokkasala hefði í fyrstu rokið upp, í kjölfar hvatningarherferðar um notkun hans, en síðan hefði hún dalað aftur. „Í þessu sambandi vil ég benda á að það þýðir lítið að segja fólki í fjólublárri sjónvarpsauglýsingu, að menn deyi af völdum alnæmis, án þess að fylgja því eftir með aukinni herferð um notkun smokksins.“

Í starfi sínu hjá borgarlækni hefur Auður haft með höndum ráðgjöf vegna alnæmisvandans og kvaðst hún hafa haft gott samband við

Persónulega finnst mér að þessar sjónvarpsauglýsingar hafi algjörlega misst marks. Í þessum efnum hefðu menn átt að taka sér dönsku sjónvarpsauglýsingarnar til fyrirmyndar, þar sem áhersla er lögð á notkun smokksins, án þess að þar sé verið að vekja upp hræðslu við kynlíf. Auglýsingar um alnæmishættuna eiga auðvitað að beinast að því að kynna hættulaust kynlíf og minna menn í tíma og ótíma á smokkinn. Nú er ég ekki að tala um auglýsingar eins og smokkaveggspjaldid fræga. Menn með smokka í eyrunum gefa ekki rétta hugmynd af því hvað á að gera við smokk. Það sem ég á við er að auglýsa smokkinn með jákvæðu hugarfari og hætta þessum niðursínfónu-auglýsingum í sjónvarpi þar sem krökkum er innprentað að kynlíf sé lífshættulegt,“ sagði Lana Kolbrún.

Um þessar og fleiri gagnrýnisráddir sagði Guðjón Magnússon aðstoðarlæknir meðal annars: „Mér finnst þetta ekki vera hræðsluáróður því við höfum reynt að hafa jafnvægi þarna á milli, með því að segja fólki að það geti forðast þennan sjúkdóm og komist hjá því að smitast með því að sýna ábyrgð í eigin kynlífi. Það má vel vera að lokin á sjónvarpsauglýsingu, þar sem fullyrt er að fólk deyi af völdum alnæmis, hafi eitt-hvað komið við fólk því vissulega eru þetta mjög beinskeytt skilaboð. En þetta er líka staðreynd. Við erum að missa fólk úr þessum sjúkdómi og við höfum enga ástæðu til að ætla að það sé neitt öðruvísi eða frábrugðið þeim sem eru á lífi. Við teljum því að þetta geti gilt um hvern sem er, sem ekki passar sig og sýnir aðgát og ábyrgð í kynlífinu.“

## 170 ÍSLENDINGAR SPURÐIR

# Rúmlega 70% einhleypra hafa ekki breytt sínum kynlífsvenjum

Morgunblaðið spurdist fyrir um breytingar á kynlífsvenjum og voru spurningar lagðar fyrir menntaskólanema, háskólanema og fólk á skemmtistöðum í miðborginni, alls 170 manns. Spurt var hvort viðkomandi hefði breytt kynlífsvenjum sínum með hliðsjón af fræðsluherferð heilbrigðisyfirvalda og ennfremur um notkun smokks. Rétt er að taka fram að hér er ekki um að ræða skodanákönnun út frá aðferðafræðilegum eða vísindalegum sjónar-

miðum, en niðurstöður gætu þó gefið einhverja vísbendingu.

Af 34 einstaklingum á skemmtistöðum (aldur: 19-40 ára), sem svöruðu spurningunni kváðust 25, þ.e. 75,3%, ekki hafa breytt um kynlífshegðun vegna alnæmishættunnar, þar af voru 9 í sambúð eða föstu sambandi. Af þessum 34 voru 25 einhleypir og 16 þeirra hafa ekki breytt um hegðun, það er 75% einhleypra og 47% af öllum skemmtistaðahópnum. Tólf að-

spurðra kváðust aldrei nota smokk, níu stundum, fimm oftast og níu alltaf. Af 11 háskólanemum sem svöruðu voru 5 í sambúð eða föstu sambandi og enginn þeirra hafði breytt um hegðun í kynlífi, sem ekki þarf að koma á óvart. Skiptingin á milli hinna einhleyppu var jöfn, þ.e. þrjár kváðust hafa breytt um hegðun og nota oftast smokk við samfarir og þrjár sögðust ekki hafa breytt um hegðun.

Niðurstöður spurningalistans sem lagður var fyrir nemendur Menntaskólans í

Hamrahlíð eru marktækastar að því leytir að þar var hópurinn stærstur, alls 125 nemendur, og flokkun spurninga ítarlegri en á hinum spurningalistunum. Það voru nemendur í fjölmíðlaáfangana sem lögðu spurningarnar fyrir undir stjórn kennara síns, Adolfs H. Petersen fjölmíðlafræðings.

Nemendur eru á aldrinum 16 til 20 ára og af þeim 125 sem spurðir voru eru 42 í föstu sambandi. Af þeim kváðust 30 ekki hafa breytt um kynlífsvenjur en 12 sögðust hafa breytt til með hliðsjón af fræðsluherferð heilbrigðisyfirvalda, þar af 11 stúlkur. Alls 83 nemendur sem spurðir voru eru ekki í föstu sambandi og af þeim höfðu 59 ekki breytt um kynlífsvenjur eða 71% einhleypra og 47,2% af öllum hópnunum. Hér er nánast um sömu niðurstöðu að ræða og hjá skemmtistaðahópnum, það er að rúmlega 70% einhleypra hafa ekki breytt um kynlífsvenjur með hliðsjón af fræðsluherferð heilbrigðisyfirvalda.

FB/SVG